



Merkir áfangar á góðu rekstrarári

Árið 2024 var gott rekstrarár hjá LSR og skilaði sjóðurinn í heild 12,4% nafnávöxtun, sem samsvarar 7,1% hreinni raunávöxtun. Hreinar fjárfestingatekjur sjóðsins námu 173 milljörðum króna, sem er það næstmesta á einu ári í sögu LSR. Heildareign sjóðsins í árslok var tæpir 1.567 milljarðar króna.

Á síðasta ári fóru eignir sjóðsins í fyrsta sinn yfir 1.500 milljarða króna. Þá náðist einnig sá merkisáfangi að lífeyrisgreiðslur LSR voru alls 103,6 milljarðar króna og er það í fyrsta sinn sem greiðslur til sjóðfélaga fara yfir 100 milljarða á einu ári. Gott rekstrarár leiddi jafnframt til þess að tryggingafræðileg staða A-deildar var jákvæð um 1,2% í árslok sem er besta staða deildarinnar frá árinu 2016.

Nýttu þér kosti Séreignar LSR

Séreignarsjóðir LSR skiluðu góðri ávöxtun á árinu 2024, en hrein raunávöxtun séreignarleiðanna var 8,5% hjá Leið I, 6,7% hjá Leið II, 2,1% hjá Leið III og 6,1% hjá Tilgreindri séreign.

Séreign er einn albesti sparnaðarkostur sem býðst og enginn ætti að missa af.



Þú velur um að greiða iðgjald á bilinu 2-4% af launum þínum.



Á móti kemur 2% mótframlag frá launagreiðanda.



Séreign verður þín einkaeign og er hægt að fá hana greidda út frá 60 ára aldri.

Til að fá sem mest út úr séreignarsparnaðinum er mikilvægt að vanda valið á séreignarsjóði, því hár kostnaður, þóknarir og gjöld geta dregið verulega úr þínum ávinningi. Hjá LSR er þetta einfalt: **Engin upphafsgjöld, þóknarir né útgreiðslukostnaður** – þess vegna er Séreign LSR frábær kostur fyrir sjóðfélaga.

Ekki bíða, það tekur bara örfáar mínútur að sækja um séreignarsparnað!

Opna samning

Ýmsar nýjungar á vef LSR

Vefur LSR var endurnýjaður undir lok síðasta árs ásamt því sem Mínar síður voru uppfærðar. Öll framsetning efnis var einfölduð og nýjungar kynntar til leiks sem miðuðu að því að léttja sjóðfélögum lífið. Þar á meðal má nefna sérstakar lífsviðburðasíður þar sem teknar eru saman upplýsingar sem nýtast á ákveðnum tímamótum, eins og t.d. við upphaf vinnu, fasteignakaup, skipulagningu eftirlaunatöku o.s.frv.

Reiknivélar fyrir lífeyrisgreiðslur og fasteignalán voru einnig endurhannaðar og með nýlegri uppfærslu á lífeyrisreiknivélinni er í fyrsta sinn hægt að reikna áhrif þess að taka hálfan lífeyri í A-deild, auk þess sem reikna má út áhrif þess að vinna samhliða lífeyrisgreiðslum. Á Mínum síðum eru helstu upplýsingar sjóðfélaga og áunnin réttindi forskráð í reiknivélina og því einfalt að hefjast handa við skipulagningu eftirlaunatöku.

Samþykktarbreytingar

Gerðar voru breytingar á samþykktum sjóðsins fyrr á árinu. Breytingarnar fela fyrst og fremst í sér uppfærslur og lagfæringar á einstaka ákvæðum. Helstu breytingar varða eftirfarandi:

- Meðferð iðgjalda sem greidd eru inn í A-deild eftir 70 ára aldur.
- Ákvæði um hæfi stjórnarmanna.
- Reglur um viðmiðunartekjur vegna örorku samræmdar framkvæmd annarra sjóða.
- Eftirmannsregla þegar viðmiðunarstarf hefur verið lagt niður.


Nánar um samþykktarbreytingarnar

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2024

	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
Iðgjöld	49.206	1.022	1.583	51.812
Lífeyrishækkanir	0	32.696	0	32.696
Uppgreiðslur og innborganir vegna skuldbindinga	789	8.733	0	9.522
Lífeyrir	(26.283)	(76.169)	(1.125)	(103.577)
Hreinar fjárfestingartekjur	139.922	30.387	2.834	173.143
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(1.342)	(678)	(26)	(2.046)
Hækkun á hreinni eign á árinu	162.291	(4.008)	3.266	161.549
Hrein eign frá fyrra ári	1.140.113	237.175	27.907	1.405.195
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	1.302.404	233.167	31.173	1.566.744

Fjárhæðir í milljónum króna

Hrein eign til greiðslu lífeyris




Efnahagsreikningur 31.12.2024

	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
Innlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum	411.455	72.148	7.163	490.766
Erlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum	387.553	53.745	7.449	448.747
Ríkisskuldabréf	183.189	49.021	785	232.996
Útlán til sjóðfélaga	107.969	19.516	0	127.484
Önnur skuldabréf	181.411	20.599	580	202.590
Bankainnistæður	19.329	19.529	15.241	54.100
Kröfur á launagreiðendur og aðrar eignir	12.747	1.003	2	13.752
Skuldir	(1.249)	(2.395)	(47)	(3.691)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	1.302.404	233.167	31.173	1.566.744

Fjárhæðir í milljónum króna

Lífeyrisgreiðslur



Kennitölur 2024


	A-deild	B-deild	Séreign Leið I	Séreign Leið II	Séreign Leið III	Tilgreind séreign	Samtals
Nafnávöxtun	12,2%	13,8%	13,8%	11,9%	7,0%	11,3%	12,4%
Hrein raunávöxtun	6,9%	8,3%	8,5%	6,7%	2,1%	6,1%	7,1%
5 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar	3,0%	2,5%	2,6%	0,7%	0,7%	—	2,8%
10 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar	4,4%	4,0%	4,1%	2,7%	1,3%	—	4,2%
Verðbréfaeign í íslenskum krónum	51,5%	57,3%	49,0%	72,1%	100,0%	61,7%	52,8%
Verðbréfaeign í erlendum gjaldmiðlum	48,5%	42,7%	51,0%	27,9%	0,0%	38,3%	47,2%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	31.053	671	921	705	1.211	504	31.997
Meðalfjöldi lífeyrisþega	14.054	18.984	91	29	224	0	25.901
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna	0,11%	0,29%	0,10%	0,10%	0,07%	0,10%	0,14%

Lífeyriskuldbindingar samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt 31.12.2024

	A-deild
Eignir umfram skuldbindingar	23.112
Tryggingafræðileg staða	1,2%

Fjárhæðir í milljónum króna

Verðbréfaeign 2024



Stjórn LSR

Magnús Þór Jónsson, formaður stjórnar,
Jökull Heiðdal Úlfsson, varaformaður stjórnar,
Árni Stefán Jónsson, Guðrún Ögmundsdóttir,
Ólafur Hvanndal Ólafsson, Ragnhildur Jónsdóttir,
Sonja Ýr Þorbergsdóttir, Unnur Berglind Friðriksdóttir.

Framkvæmdastjóri LSR

Harpa Jónsdóttir